

Nr. 046 / 11 Flugaldan ST 54***Skipverji slasast fall***

Skipaskr.nr. 2754
Smíðaður: Hafnarfirði 2007 plast
Stærð: 11,15 brl. 14,91 bt.
Mesta lengd: 12,35 m Skráð lengd: 11,37 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 3



Flugaldan ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. apríl 2011 var Flugaldan ST 54 á siglingu í mynni Reykjafjarðar á Ströndum. Veður: N 15-20 m/s.

Flugaldan ST hafði legið við bryggju inn á Djúpuvík þegar beiðni barst um aðstoð við vélarvana bát, Kópanes RE 164, (sjá mál 042/11) sem rak í átt að Óðinsboða og var brugðist við henni. Á siglingunni fékk báturinn á sig hnút með þeim afleiðingum að skipverji sem staddur var niðri í bátinum missti jafnvægið, féll í gólfíð og slasaðist á andliti og fæti.

Siglingunni var haldið áfram og eftir einhvern tíma reyndist ekki þörf á aðstoð þeirra þar sem annar bátur yrði fyrir á staðinn. Siglt var með slasaða til hafnar í Norðurfirði og þaðan var hann fluttur til Hólmavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði hafði verið í koju og ætlaði að fara upp til að athuga aðstæður. Hnútur kom á bátinn og rankaði hann við sér á gólfinu í lúkarnum. Hann gat ekki gert sér grein fyrir á hverju hann hefði lent;
- að engar skemmdir urðu á bátinum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.